

**Ed.**

## **537. Nefndarálit**

um frv. til l. um ófriðartryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur flutt þetta frumvarp eftir beiðni atvinnuáráðherra. Hefur nefndin athugað frv. allýtarlega og haft tal af þeim tryggingarfróðum mönnum, sem unnið hafa að undirbúningi málsins. Er það einróma álit nefndarinnar, að eigi sé annað ráðlegt eins og horfir um styrjöld þá, er nú geisar í Norðurálfu, en að setja með lögum ákvæði um tryggingar á eignum landsmanna fyrir tjóni af völdum hernaðarins. Eftir hernám landsins varð það ljóst, að svo gæti farið, að Ísland sogaðist inn í hringiðu ófriðarins fyrr eða síðar, og nú, er ófriðurinn hefur færzt í það horf, að meginátökin virðast snúast um yfirráð styrjaldaraðilanna yfir Atlantshafi, hefur þessi hættá stórum aukizt. Ef til hernaðaráttaka kæmi hér á landi, gæti af því leitt meira og minna tjón á eignum landsmanna. Slikt tjón gæti orðið svo stórfellt, að réttmætt sé, að allir landsmenn séu samtaka um að draga úr afleiðingum þess, eftir því sem tök eru á. Fyrir því telur nefndin þá meginhugsun, sem í frv. felst, rétta, og hefur orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt, þó með þeim breytingum, sem hér fara á eftir. Sumar þessar breytingar eru aðeins orðabreytingar, sem ekki raska efni frv. Aðrar breytingar miða að því að færa til betra forms ýmis ákvæði í frv. almenns eðlis, sem voru á við og dreif í frv., en rétt þykir að samræma og sameina í 6. kafla frv. um almenn ákvæði. Loks eru tvær breytingar á frv., sem raska allverulega efni þess, eins og nú skal getið. Í frv. er gert ráð fyrir, að vörubirgðir og annað lausafé verði ekki bætt að fullu, heldur verði dreginn  $\frac{1}{4}$  hluti frá matsverði bótanna, þó aldrei yfir 5000 kr. Nefndin vill láta þessa reglu haldast að því er snertir annað lausafé en vörubirgðir, vegna þess hve erfitt getur orðið að fá rétt mat á tjóni á húsmunum manna og öðru sambærilegu lausafé. Hins vegar þótti nefndinni viðurhlutamikið að draga svo mikið af bótunum fyrir vörubirgðir, þar sem það gæti orðið mjög tilfinnanlegt tjón fyrir smærri verzlunarfyrtæki í landinu, ef skylt væri að draga frá  $\frac{1}{4}$  hluta verðs, allt upp í 20000 kr., samfara því, sem það væri fullkomið misrétti að bæta að fullu allt, sem er yfir 20000 kr. virði, en allt, sem þar væri undir, eingöngu að  $\frac{3}{4}$  hlutum. Nefndin hefur því lagt til, að annar mælikvarði sé hafður á bótum fyrir vörubirgðir en annað lausafé, þannig að frádráttur á matstjóni vörubirgða verði aðeins 5%, en það nái hins vegar til alls hins tryggða verðmætis.

Hin breytingin er í því fólgin, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að vörubirgðir verði bættar að fullu þegar er tjónið er gert upp, og mun það hafa vakað fyrir þeim, er sömdu frumvarpið, að oft mundi erfitt eða jafnvel ókleift að fá nýjar birgðir í staðinn frá útlöndum, nema tjónið væri strax bætt að fullu. Á hinn bóginn er það augljóst, þar sem þetta tjón á að bæta með nýju, almennu gjaldi á allri innfluttri og útfluttri vöru, sem ekki verður byrjað að innheimta fyrr en tjón hefur orðið, að Ófriðartryggingin getur í byrjun að minnsta kosti haft mjög lítið eða jafnvel ekkert handbært fé upp í bætur, og ef stórfellt tjón verður þegar í byrjun, getur svo farið, að erfitt verði að fá nægilegt lán, svo sem gert er ráð fyrir í 31. gr. frv. Þetta ákvæði frv. gæti því orðið óframkvæmanlegt, en auk þess má gera ráð fyrir, að ýmsir þeir, sem fyrir tjóni kunna að verða, séu svo efnun búnir, að ekki sé nauðsyn á að bæta nema helming tjónsins þegar í stað, en hitt að ófriðnum loknum. Nefndin hefur því viljað draga úr þeirri skyldu, sem lögð er Ófriðartryggingunni á herðar með frv., að bæta tjón á vörubirgðum við tjónsuppgerð, en vill gera það að aðalreglu, að tjón á vörubirgðum jafnt og lausafé sé bætt að hálfu að lokinni tjónsuppgerð, en hinn helmingurinn greiðist að ófriðnum loknum. Færi hins vegar eigandi glataðra eða skemmdra vörubirgða sönnur á, að hann biði verulegan fjárhagslegan hnekki við að fá ekki þegar í stað meiri bætur, þá sé Ófriðartryggingunni heimilt að greiða

frekari bætur, og jafnvel bæta tjónið að fullu, sérstaklega ef hætta er á, að ekki verði á annan hátt tók á að ná til landsins nýjum vörubirgðum í stað þeirra, sem farizt hafa.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram frekari breytingartilögur við frv. og að hafa óbundnar hendur um afstöðu til þeirra breytingartillagna, sem fram kynnu að koma, en eru sammála um að leggja til, að á frv. verði gerðar eftirfarandi

#### BREYTINGAR.

1. Við 6. gr. 1. mgr. falli niður.
2. Við 7. gr. Á eftir orðinu „bætur“ í upphafi 1. mgr. komi: þar með talið.
3. Við 9. gr. Á eftir orðunum „Ráðuneytið ákveður“ í upphafi 2. mgr. komi: að fengnum tillögum tryggingarstjórnarinnar.
4. Við 10. gr. Í stað orðanna „eða fullnægjandi ... kröfum“ komi: enda sé réttur veðhafa að fullu tryggður.
5. Við 12. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.
6. Fyrirsögn IV. kafla verði: Lausafjártryggingin.
7. Við 18. gr., sem verður 17. gr.
  - a. Í stað orðanna „telst til véla og tækja“ komi: er tryggð.
  - b. Í stað „aukaverðtoll“ komi: aukagjald.
8. Við 20. gr., sem verður 19. gr.
  - a. 2. mgr. falli niður.
  - b. 3. mgr. orðist svo:

Frá matsupphæð tjónsins dregst, þegar um lausafé, annað en vörubirgðir, er að ræða,  $\frac{1}{4}$  hluti, þó svo, að frádrátturinn nemi eigi hærri upphæð en 5000 krónum hjá sama manni eða fyrirtæki, og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.

Frá matsupphæð vörubirgða skal draga  $\frac{1}{20}$  hl., og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.
9. Við 21. gr. Greinin falli niður.
10. Við 22. gr., sem verður 20. gr. Greinin orðist svo:

Tjón það, sem um ræðir í þessum kafla, skal að jafnaði ekki bætt nema að hálfu samkvæmt 19. gr. þegar er það hefur verið gert upp. Hinn helmingur tjónsins greiðist að styrjöldinni lokinni.

Nú færir eigandi glataðra eða skemmdra vörubirgða sönnur á, að hann muni biða stórfelldan fjárhagslegan hnekki, ef hann fær ekki útborgaðar frekari bætur en að framan greinir, og er þá stjórn Ófriðartryggingarinnar heimilt að greiða meiri bætur og jafnvel bæta tjónið að fullu, sérstaklega ef ætla má, að ekki sé unnt með öðru móti að afla nýrra birgða nógu fljótt.

Sá hluti bótanna, sem ekki greiðist fyrr en að styrjöldinni lokinni, ávaxtast með 5% á ári til greiðsludags, og fer um greiðslu vaxta og afborgana af lánum, sem tryggð kunna að vera með handveði eða þinglýstu sjálfsvörzluveði í hinum skemmdu eða glötuðu munum, á sama hátt og segir í 6. gr. um fasteignaveðslán, eftir því sem við getur átt.
11. Á eftir 27. gr. frv., sem verður 25. gr., komi ný gr. er verður 26. gr., svo hljóðandi:

Tjón skal tilkynna Ófriðartryggingunni áður en vika er liðin frá því er það varð. Fjárkröfur eru fyrndar, ef eigandi eða umráðamaður hinna skemmdu eða glötuðu eigna hefur ekki fært sönnur á réttmæti þeirra, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því, er hann tilkynnti tjónið og bar fram kröfu um bætur.

Alþingi, 15. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
form.

Ingvar Pálmason,  
fundaskr.

Magnús Gíslason,  
frsm.